

Nr. 19-045 S 034 Páll Jónsson GK 7***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1030
IMO nr. 6704892
Útgerð: Visir hf.
Smíðaður: Hollandi 1967, stál
Stærð: 299 brl. 402 bt.
Mesta lengd: 43,90 m Skráð lengd: 40,36 m
Breidd: 7,60 m Dýpt: 6,30 m
Vél: Grenaa 662 kW, 1981.
Fjöldi skipverja: 14



Páll Jónsson ©Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. janúar 2019 var Páll Jónsson GK 7 á línuveiðum við Snæfellsnes. Veður: SV 15 - 20 m/s.

Skipverji var við vinnu í lest og var að ná í tómt fiskikar í fjórðu hæð þegar kvika kom undir skipið og fylgdi hnútur sem skall á skipið. Við það rann skipverjinn til og féll niður á fiskikar í fyrstu hæð og slasaðist á hægri fæti.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn stóð ofan í fiskikari í fjórðu karahæð þegar hann missti jafnvægið á veltunni og féll.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.